

Helstu skattalagabreytingar 20/21 – hvað er framundan?

Haraldur I. Birgisson, sviðsstjóri Skatta- og lögfræðiráðgjafar Deloitte

Skattadagurinn, 12. janúar 2021


1 | Helstu skattalagabreytingar 2020/2021

2 | Skattaróbótinn Steinþór

1

Helstu skattalagabreytingar 2020/2021

Breytingar á tekjuskattkerfi einstaklinga



Breytingar á fjármagnstekjuskatti

FRÍSTUNDAHÚSNÆÐI



Hagnaður manns af sölu frístundahúsnæðis telst ekki til skattskyldra tekna ef:

- Rúmmál undir 600 rúmmetrum (1.200 ef hjón)
- Eignarhald hefur varað í að lámarki 7 ár á söludegi
- Húsnæði hefur verið nýtt af eigendum, þ.e. ekki verið í útleigu gegn endurgjaldi


ARÐUR & SÖLUHAGNAÐUR



Frítekjumark fjármagnstekna var hækkað úr 150 þús. í 300 þús. og innifelur nú:

- Vaxtatekjur
- Arðgreiðslur (skráð félög)
- Söluhagnað hlutabréfa (skráð félög)

Fjárfestingar starfsmanna í hlutabréfum



- Tekjur starfsmanns af kaupum skattlagðar sem launatekjur, en skattlagningu er frestað þar til bréf eru seld en þá er stofninn frá nýtingu og til sölu skattlagður sem fjármagnstekjur (óbreytt)

- Tekjur starfsmanns af þeim kaupum skattlagðar sem fjármagnstekjur, en hámark kaupréttar var hækkað núna úr 600 þús. í 1,5 mkr.

- Ef skilyrði b. liðar 30. gr. tsl., eru uppfyllt þá getur starfsmaður dregið 75%, í stað 50% áður, af fjárhæð sem sýnt er fram á að sé til komin vegna slíkra fjárfestinga á árinu 2021 frá tekjuskattstofni að viðbættum fjármagnstekjum

- Starfsmaður getur þó ekki, þegar kemur að sölu bréfanna, nýtt sér frítekjumark fjármagnstekna því það er afmarkað við skráð félög en þau falla ekki undir b. lið 30. gr. TSL.

Ívilnanir vegna vistvænna ökutækja



Pung hreinorkuökutæki og sendibílar

Greitt er nú lágmarksbifreiðagjald af hreinorkuökutækjum sem ganga fyrir vetni eða rafmagni og eru 3.500 kg eða meira og ökutæki til vöruflutninga í atvinnuskyni sem knúin eru metani, metanóli, rafmagni eða vetni að öllu leyti eru nú undanþegin vörugjaldi



Húsbílar

Skráð losun húsbíla lækkar um 40%, þó að hámarki niður í 150 g/km áður en álagningar vörugjalds kemur, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, til að koma til móts við ófyrirséðar afleiðingar af breyttum matsaðferðum



Bílaleigubílar

Skráð losun ökutækja sem ætluð eru til útleigu hjá ökutækjaleigum lækkar, á árunum 2021 og 2022, um 30% áður en til álagningar vörugjalds kemur, en þó að hámarki 400 þús. á ökutæki að tilteknum skilyrðum uppfylltum



Tengiltvinnbílar

Hámark niðurfellingar VSK af nýjum rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiða lækkar í 600 þús. árið 2021 og skráð losun þeirra verður að vera á bilinu 40-50 g/km sem er 10 g/km lækkun

Ýmsar breytingar á virðisaukaskatti

1

Sala á og milliganga um fjármálaþjónustu

Er nú undanþegin virðisaukaskatti sbr. 10. tl. 3. mgr. 2. gr. VSK laga, en þar undir fellur m.a. váttryggingastarfsemi og tryggingamiðlun, móttaka innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi, útlánastarfsemi og greiðsluþjónusta

2

Endurgreiðsla VSK rýmkuð

Er nú heimil þótt ekki hefur tekist að ljúka álagningu á grundvelli innsendar skýrslu á fyrra uppgjörstímabili, en endurgreiðsla er áfram óheimil ef álagning á fyrra uppgjörstímabili byggir á áætlun

3

Ívilnun vegna leigusamninga

Frá 1.2.2020-31.12.2021 er heimilt, vegna verulegra rekstrarörðugleika leigutaka, að falla frá eða fresta innheimtu og skilum VSK vegna fasteignaleigu og heimilt er að bakfæra skattskylda veltu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum

4

Allir vinna framlengt

Heimild til endurgreiðslu 100% VSK sem greiddur er vegna vinnu manna vegna byggingar, endurbóta, viðhalds, hönnunar, heimilisaðstoðar, umhirðu íbúðarhúsnæðis og bílaviðgerða er framlengt út árið 2021

5

Viðburðir í streymi

Sala streymisþjónustu að stökum tónleikum, listdanssýningum og leiksýningum er að fullu undanþegin virðisaukaskatti á tímabilinu 1.11.2020-30.6. 2021, enda sé um að ræða viðburð sem háður er fjöldatakmörkunum vegna sóttvarnaráðstafana

Meðferð vaxta og staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur

Skilaskylda staðgreiðslu

Skilaskylda staðgreiðslu af arðgreiðslum rafrænt skráðra hlutabréfa færast frá útgefanda yfir á það innlenda fjármálafyrirtæki sem hefur bréfin í sinni vörslu

Arðgreiðslur hf., ehf. og slhf.

Skylda þessara félaga til að til að halda eftir og skila staðgreiðslu af arðgreiðslum þeirra á milli fallin brott

Þunn eiginfjármögnun

Fyrstu 100 mkr. af stofni vaxtagjalda og affalla greiddra til tengdra aðila eru nú undanþegnar takmörkun á frádráttarbærni vaxtagjalda

Blandaðir fjármálagerningar

Frádráttur frá skattskyldum tekjum miðast við greidda vexti en ekki reiknaða og vextir verða fyrst gjaldfæranlegir þegar skilyrði til greiðslu þeirra eru uppfyllt

Söluhagnaður hlutabréfa og stofnbréfa

Aðilar sem bera takmarkaða skattskyldu skv. 7. t.l. 3. gr. TSL sæta ekki afdrætti staðgreiðslu af söluhagnaði íslenskra hlutabréfa og stofnbréfa

Vaxtatekjur skuldabréfa

Skylda til að halda eftir staðgreiðslu af vaxtatekjum skráðra skuldabréfa hefur verið afnumin

Fjölmargar breytingar á ýmsum ferlum



Frádráttur erlendra sérfræðinga – búseta miðast við 60 mán. frá upphafi starfs



Álagningardagur lögaðila færður til mánaðarmóta október / nóvember



Kærufrestur lögaðila nú 1 mánuður í staðinn fyrir 3 mánuði, en frestur RSK 3 mánuðir



Ef eindagi tekjuskatts ber upp á helgidag eða almennan frídag þá færist hann á næsta virkan dag á eftir



Ábyrgð á skattgreiðslum nær einnig til greiðslu dráttarvaxta, kostnaðar og álags sem lagt er á aðalskuldara



Tvöföld refsing í skattamálum vegna dóma MDE – brb. ákvæði framlengt til 31.5.2021

Aðrar breytingar sem ekki náðist að afgreiða fyrir áramótin

Skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla – skattalegir hvatar vegna fjárframlaga og undanþágur frá fjárm.tekjuskatti, staðgreiðslu og stimpilgjaldi



Skipagjald – ákvæði um skipagjald verði í nýjum lögum, gjald óbreytt en breytingar á gjalddögum, dráttarvöxtum og að lögveð mun vara í 2 ár



Milliverðlagning – skjölun tekur til fastra starfsstöðva, sektarákvæði ef skjölun er vanrækt, getur hæst numið 12 mkr., skal lækkuð ef bætt er úr annmörkum




Hvatar til fjárfestinga í eignum sem teljast umhverfisvænar og stuðla að sjálfbærni – heimild til flýtifyrningar og til að reikna sérstakt fyrningarálag af stofnverði eigna



Samsköttun og erlent vinnuafli – opnað á samsköttun innlendra og erlendra félaga og að innlendir aðilar í byggingastarfsemi geti talist launagreiðendur starfsmanna erlendra aðila



Frekari upplýsingar um lagabreytingar



2 | Skattaróbótinn Steinþór

Saga um sjálfvirknivæðingu í skattamálum



Steinþór Haraldsson starfsmaður RSK hélt hundruðum sérfræðinga og áhugamanna um skatta upplýstum með reglulegum skeytasendingum allt frá árinu 1975



Þar benti Steinþór m.a. á ný frumvörp, nefndarálit og lög, sem og nýja úrskurði og annan fróðleik og sparaði fjölmörgum ómældan tíma við að vera á tánum




Þegar Steinþór fór á vel verðskulduð eftirlaun í mars 2020 myndaðist skarð í þessa öflugu upplýsingagjöf, þá voru góð ráð dýr

Deloitte bjó því til róbóta sem ætlað er að fylla a.m.k. hluta af því skarði og fékk hann auðvitað, með leyfi Steinþórs, að bera nafn hans



Hvað Róbótinn Steinþór er ekki



Hvaða efni miðlar Róbótinn Steinþór?



Steinþór
Skattafréttabréf Deloitte

Alþingi
Nefndarálit
Nefndarálit - 336. Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Ný lög
Búvörulög (úthlutun tollkvóta)

Dómstólar
Héraðsdómstólar
E-2119/2017
Í málinu var deilt um ábyrgð stefndu til að greiða eftirstöðvar námsláns hjá stefnanda. Stefndu höfðu tekið á hendur ábyrgðir með því að gangast við orði eftir ábyrgðarmann að láninu en þú aðalskulðara verið tekið til gjaldráttaskipta. Þáru stefndu því aðallega við að ábyrgð þeirra teljist fyrnd þar sem lánið hafi fyrir löngu verið gjaldfellt en auk þess höfðu þau uppi frekari málstöðæður til að stjórja við sjúkukröfur sínar. Var ekki á þær fallist gagnvart tveimur stefndu sem héldu uppi vörnum í málinu og var málið dæmt m.t.t. dómkröfu stefnanda.

S-16/2018
Sakfellt fyrir fjárrátt og skilaskvik.

E-2536/2017
Stefndi dæmdur til að greiða stefnanda eftirstöðvar kaupverðs fasteignar 222.870.393 kr. Staðfest riftun greiðslu stefnanda til stefnda að fjárhæð 21.316.582 kr. Stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þessa fjárhæð. Staðfest kyrrsetning fasteigna í eigu stefnda og fyrirvarsmanns stefnda skv. kyrrsetningargerð Sjúkumanns á höfuðborgarsvæðinu frá 19. júlí 2017.



Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarféлага innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“) og tengdra félaga. DTTL (einnig vísað til sem „Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; www.deloitte.com/about.

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, tækni- og stefnumótunarráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarféлага okkar spannar meira en 150 lönd og landssvæði. Hjá Deloitte starfa um 312.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu. Deloitte ehf. er hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“).

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess og tengd félög þeirra (sameiginlega vísað til sem „Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili innan Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar.

© 2021 Deloitte ehf. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Deloitte ehf.